

Fundur í stjórn Prentsöguseturs 11.apríl 2015 í Vörðuskóla

Mættir: Þórleifur Friðriksson, Svanhvít Ólafsdóttir, Haukur Már Haraldsson, Heimir Br. Jóhannsson, Þóra Elfa Björnsson. Svanur Jóhannesson var vedurtepptur í Hveragerði. Þá var farið yfir greinar lagnann og samræmt innihald og orðalag. Haukur mun sjá um að hreinskrifa og senda á stjórnina.

- 1) Haukur lagði fram tillögur að lögum stofnunarinnar en hann, Svanur og Simon Knight höfðu unnið þær og bað Haukur menn að samræma plöggin, lögin þyrfti að leggja fram á aukaáðalfundi hið fyrsta. Farið yfir liðina og orðalag og innihald samræmt og mun Haukur hreinskrifa og senda á ný á stjórnina.
- 2) Semja þarf starfsreglur sem unnið yrði eftir við móttöku og skráningu minja sem fyrst því munir bíða víða eftir að komast á Prentsögusetrið.
- 3) Rætt um ýmis atriði varðandi hið væntanlega húsnæði auk flutnings og tímabundna geymslu fyrir vélar og annað ef þörf krefur.
- 4) Þá var rætt um tillögu að vefsíðu sem Páll Svansson hafði gert fyrir setrið og gerðu menn góðan róm að. Ákveðið að gera flokkun og greiningu á hvaða flokkar þurfi að vera á slíkri vefsíðu setursins og jafnvel leita tilboða í slíkt verkefni.
- 5) Þórleifur sagði frá munum sem hann var fenginn til að skoða með Prentsögusetur í huga og eru í prentsmiðju sem verið er að flytja.. Urðu umræður um gamla hluti sem víða leynast, m.a. sagði Haukur frá pósti sem hann hafði fengið með ábendingu um brotvél úr eigu nunnanna í Stykkishólmi sem fengur væri að.
- 6) Dagsetning fyrir aukaáðalfund rædd, yrði líklega 9. maí.